

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

„Hún er húsið og tréð sem slútir yfir það.“

Howards End, móðurgyðjan og karllægt vistprot

Howards End eftir breska rithöfundinn E.M. Forster er skáldsaga sem segir frá leitinni að heimili. Hún kom út í Englandi árið 1910 og gerist á upphafsárum tuttugustu aldarinnar.¹ Sagan fjallar um þrjár fjölskyldur, Schlegel-systkinin sem eru menningarlega sinnuð, femínistar og hugsjónafólk, Wilcox-fjölskylduna sem samanstendur af ríkum kapítalístum sem hafa auðgast vegna nýlenduviðskipta sinna og hin fátæku Basts, sem er ungt lágstéttarpar. Schlegel-systurnar leitast við að aðstoða Bast-hjónin en um leið ógna þær viðhorfum og heimssýn Wilcox-fjölskyldunnar.

Saga Forsters talar jafnvel enn frekar til lesenda tuttugustu og fyrstu aldarinnar, á tímum loftslagsbreytinga, en hún gerði fyrir rúmum hundruð árum því að í henni dregur höfundurinn fram andstæð sjónarmið þeirra sem sýna vilja náttúrunni virðingu og svo hinna sem eru fulltrúar vélvæðingar og tæknibyltingar. Í sögunni er þeirri spurningu varpað fram hvort mæðraveldi sé hugsanlega hentug leið til þess að auka á friðinn í samfélaginu en húsið *Howards End*, sem sagan dregur nafn sitt af, virðist búa við sitt eigið lífkerfi og hringrás, rétt eins og grunnöfl náttúrunnar. Það er jafnframt táknrænt að frú Wilcox skuli erfa aðra Schlegel-systranna að húsinu en Margaret er ekki bundin henni blóðböndum. Þetta gerir hún líklega til þess að losa húsið undan áhrifum Wilcox-karlanna sem eru mótaðir af breskri heimsvaldastefnu nýlendutímans en þeir nálgast heiminn af ofríki og forræðishyggu þar sem einvörðungu er tekið en engu skilað til baka. Sagan hafnar slíkum hugmyndum og setur þess í stað fram lausn sem felst í jafnrétti og kvenlegri stýringu, þar sem leitað er leiða til þess að sameina mannkyn í baráttunni um að vernda lífið á jörðinni.

¹ Nefna má að á þessu ári er væntanleg íslensk þýðing á öðru stórvirki E.M. Forster, *A Passage to India*. Þýðandi: Hjalti Þorleifsson. Útgefandi: Uglya útgáfa.



Húsið sem tákn fyrir hagkerfi eða vistkerfi

Tileinkunnarorð *Howards End* eru: „Aðeins að tengjast“ (e. „only connect“). Þau eru merkingarbær fyrir áherslur sögunnar og koma fyrir nokkrum sinnum í frásögninni.² Það er einnig táknrænt að upphafsskotið í kvikmyndaaðlögun James Ivory á sögunni, er af móðurinni, frú Wilcox sem líður hljóðlaust áfram í kvöldkjól sem rennur saman við náttúruna í garði hússins.³ Frú Wilcox er sú eining sem heldur frásögninni saman, þrátt fyrir að hún deyi snemma í sögunni og til hennar gætu einkunnarorðin að hluta til verið að vísa og athygli okkar sé þannig beint að því strax í upphafi að hlusta á visku formæðra okkar.

Sagan byrjar á bréfi Helen Schlegel til systur sinnar Margaret. Helen er gestur á *Howards End* sem er eitt af heimilum eða eignum Wilcoxfjölskyldunnar. Wilcox-ættinni er strax í upphafi stillt upp andspænis Schlegel-systrunum, meðal annars í því hvernig Helen talar um fordóma sína í garð þessarar fjölskyldu:⁴ „Ég trúí þessu einfaldlega vegna þess að við tengjum þau við dýr hótél. Frú Wilcox fylgir í humátt á eftir í fallettum kjólum niður langa ganga, herra Wilcox níðist á þjónum. Svona óréttlátar erum við konurnar.“⁵ Fjölskyldan virðist vera forrétindafólk sem býr á hótelum og ákveðnar vísbendingar til lesandans leynast í því að húsbóndinn Henry Wilcox sé leiðinlegur við þjóna sína.

Sagan vinnur á markvissan hátt með andstæðupör. Sem dæmi má nefna karl/konu, borg/sveit, iðnvæðingu/náttúru, peninga/ást, karlveldi/mæðraveldi, hægri/vinsti.⁶ Önnur fyrirferðarmikil andstæða sögunnar er

² E.M. Forster, *Howards End* [1910], London: Penguin English Library, 2012. Vísað verður til verksins með blaðsíðutali fyrir aftan hverja tilvitnun. Allar þýðingar eru mínar nema annars sé getið.

³ *Howards End*, leikstjóri: James Ivory, handrit: Ruth Praver Jhabvala, framleiðandi: Ismail Merchant, aðalhlutverk: Anthony Hopkins, Vanessa Redgrave, Helena Bonham Carter og Emma Thompson, 1992.

⁴ Töluvert hefur verið rétt hvernig sagan lýsir ágreiningi á milli tveggja sjónarhorna, sérstaklega á milli Schlegel- og Wilcox-fjölskyldnanna og að þessar tvær fjölskyldur séu dregnar upp sem andstæður. Sjá grein David Bradshaw, „Howards End“, *The Cambridge Companion to E.M. Forster*, ritstjóri David Bradshaw, New York: Cambridge University Press, 2007, bls. 151–172, hér bls. 153.

⁵ Að sama skapi finnst syninum Charles Wilcox að það eigi ekki að sýna þjónum kurt-eis: „Af hverju að sýna þjónum þessa kurteisi? Þeir skilja hana ekki.“ (23)

⁶ Guðni Elisson fjallar um þau ólíku gildi sem finna má í vestrum og vinnur þar með kenningar Jim Kiteses úr bók hans *Horizons West*. Hugmyndafræði kvikmyndarinnar er komið á framfæri í samspili andstæðna og það skiptir máli hvor liðurinn í andstæðuparinu búi yfir jákvæðum eiginleikum og hvor fái neikvæðan merkingarauka, en

heimilisleysi/heimili. Sagan leitast við að sameina þessar andstæður upp að vissu marki, skapa leiðir fyrir samskipti, samræður til að auka á fordómaleysi, skilning og umburðarlyndi svo að fólk geti lifað í meiri sátt, fundið sinn samastað innan heimilisins án þess að gefa upp náttúruna.

Húsið *Howards End* er umvafið rómantískri náttúrufegurð, vínviðar-blöðum og vínberjum (2) og minnir örlítið á aldingarðinn Eden. Helen Schlegel lýsir blómsveigunum fyrir utan húsið og minnst á endur og kýr frá nærliggjandi bæ. Forster byggði lýsinguna á *Howards End* á húsi barnæsku sinnar sem heitir *Rooks Nest House* og var rétt fyrir utan bæinn *Stevenage* í *Hertfordshire* í Englandi en hann er um 44 kílómetrum norður af London og er landsvæðið í kringum bæinn gjarnan kallað *Forster-sveitin*. Rætt hefur verið um það hvernig fortíðarþrá Forsters eftir húsi barnæsku sinnar komi glögglega fram í sögunni, en Forster bjó í *Rooks Nest* frá aldrinum fjögurra til fjórtán ára.⁷

Það birtist ekki aðeins fortíðarþrá í verkinu heldur einnig möguleg framtíðarsýn og áhyggjur af því hvert maðurinn er að stefna. Húsið *Howards End* er miðja sögunnar og margbreytileg tákmynd. Húsin í verkinu eru lifandi eins og manneskjur og þau virðast eiga sér sinn líftíma, fæðast, þroskast og deyja: „Hús deyja á sinn einstaka hátt, þau falla á ólíkan máta eins og kynslóðir manna.“ (269) Húsin taka þannig á sig persónuleika eigenda sinna og andrúmsloft þeirra markast einnig af staðsetningu þeirra og umhverfi, þau geta verið karllæg, kvenleg, skítug, menguð, umvafin náttúrufegurð eða sóti.⁸ Sagan tekst ekki aðeins á við mikilvægi samastaðar, heldur fjallar einn-

það sé ekki alltaf sami liðurinn. Sjá „Í frumskógi greinanna. Kostir og vandamál greinafræðinnar“, *Kvikmyndagreinar*, ritstjóri Guðni Elísson, bls. 9–45, hér bls. 30–31. Sjá einnig Jim Kitses, *Horizons West*, London: Thames and Hudson/British Film Institute, 1969. David Bradshaw nefnir í grein sinni „*Howards End*“ að Schlegel-systurnar séu snobbaðar, að fjölskyldan sé blind, ófáguð, þau séu hræsnarar og fordómafull sem gefi til kynna að Forster hafi aldrei ætlast til þess að lesendur væru hreinir stuðningsmenn þeirra. Einnig má nefna að í upphafi sögunnar er talað um að Margaret hafi fjárfest í „erlendum hlutum“ (e. *Foreign Things*) (12) frænku sinni og forráðamanni til mikils ama. Bradshaw veltir því fyrir sér hvort hún sé að fjárfesta í vestur-afrísku gúmmifyrirtæki Henrys Wilcox. Sjá „*Howards End*“, bls. 157. Af þessu má ráða að söguhöfundur geri andstæðurnar óráðar og óljósar í verkinu.

⁷ Sjá Malcolm Page, *Howards End. An Introduction to the Variety of Criticism*, London: McMillan, 1993, bls. 66.

⁸ Hús Schlegel-systkinanna er staður sem segja má að hýsi kvenleikann og stendur andspænis húsi Wilcox-fjölskyldunnar sem einkennist af karlmennsku. Margaret segir í sögunni: „Líklega búum við á kvennaheimili [...] og verðum að setta okkur við það. [...] það sem ég á við er að heimilið var óbifanlega kvenlegt, jafnvel þegar faðir okkar var á lífi.“ Hún bætir síðan við: „og það eina sem við getum gert er að

ig um viðhorf okkar til eigna og heimilis, hvernig við skiljum við verðmæti, hugsum um þau og hver sé réttmætur erfingi þeirra.

Sagan setur fram áhyggjur yfir siðmenningu okkar og framtíð hennar sem veltur á því hvernig við hugsum um eignir okkar og þá arfleifð sem tekur skjótum breytingum vegna álagsins sem maðurinn leggur á veröldina með vélvæðingu sinni og arðráni. Slíka hugsun má sjá í eftirfarandi orðum Margaretar Schlegel undir lok sögunnar: „Jafnvel þótt eitthvað gangi vel núna þýðir það ekki að svo verði endalaust“, sagði hún. „Þessi sókn í hama-gang hófst fyrir ekki meira en hundrað árum. Kannski tekur svo við siðmenning sem er ekki á iði vegna þess að hún hvílir á jörðinni. Núna bendir þó allt til þess að svo verði ekki, en ég má ekki gefa upp vonina, og snemma á morgnana þegar ég er úti í garðinum finnst mér húsið okkar tilheyra framtíðinni, jafnmikið og fortíðinni.“⁹ (359)

Húsið Howards End ber því með sér von um óljósa framtíð nægjusemi þar sem virðing, ást og þakklæti í garð staðarins þar sem við byggjum heimili okkar og öllum upp börn er í forgrunni, þar ríkir fjölbreytileiki, jafnrétti og staða konunnar er sterk. „Howard“ merkir samkvæmt germönskum stofnum andi, hugrekki, styrkur. En samkvæmt norrænni tungu merkir orðið einnig vörður eða sá sem varðveitir. Í heitinu má því sjá frekari áherslur sögunnar á mikilvægi þess að vernda eigur okkar og heimili, sem og auðlindir okkar og skila þeim heilum til komandi kynslóðar. Húsið er náttúran sjálf, náttúran sem hringrás og sjá má að samkvæmt sögunni er einhver breyting í kortunum.⁹

Björn Guðbrandur Jónsson, sérfræðingur í umhverfisvísindum minnir á það í grein sinni „Hagkerfi og vistkerfi: tvenns konar hússtjórn“ að erlendum orðstofn hugtakanna hagkerfi (e. *economy*) og vistfræði (e. *ecology*) sé hús og því sé í báðum tilfellum verið að vísa til „húshalds“ eða hússtjórnarlistar“. Guðni Elísson hefur rætt það hvernig þessar tvær hússtjórnaraðferðir eiga illa saman og tekur undir þau orð Björns að umhverfismál eigi „upptök sín á því grúa svæði þar sem hagkerfi mannsins og vistkerfi náttúrunnar rekast á.“ Vistkerfið einkennist af „þróun fremur en vexti“ ólíkt hagkerfinu þar sem hagvöxturinn er „hornsteinninn að efnahagsstarfseminni.“¹⁰ Tekið er undir

passa upp á að það verði ekki kveifarlegt. Rétt eins og annað hús, sem ég kys að nefna ekki hér, hljómar óbifanlega karlmannlega. Þar verður sambýlisfólkið að reyna að koma í veg fyrir að það verði ekki hrottafengið.“ (43–44)

⁹ Svo er spurning hvort endalok allra þessara jákvæðu gilda felist einmitt í fullu nafni hússins, Howards End.

¹⁰ Sjá Björn Guðbrand Jónsson, „Hagkerfi og vistkerfi: tvenns konar hússtjórn“, *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*, ritstjórar Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1994,

slík andstæð sjónarmið í sögu Forsters þar sem náttúran getur ekki lagað sig að ágangi mannsins. Húsið þarf betri stjórnanda, húsmóður sem hefur afkomu þess að leiðarljósi og gætir þess að það geti orðið sjálfbært undir slíku álagi.

Sú persóna sem verndar Howards End á meðan hún er á lífi en í raun líka eftir dauðann er Ruth Wilcox. Frú Wilcox er sú sem helst er tengd við náttúruna umhverfis húsið, hún eyðir tíma sínum að miklu leyti í garðinum. Hún er eins og frjósemisgyðja sem líður um garðinn með hey í fanginu: „Í löngum, löngum slóða dróst kjóllinn hennar yfir rennblautt grasið og hún sneri aftur með hendurnar fullar af heyi sem hafði verið slegið í gær.“ (2) Hún er sú sem hugsar um garðinn og kanínurnar sínar. Færð hafa verið rök fyrir því að með henni sé vísað í Seres, hina rómversku gyðju akuryrkju.¹¹ Sú er nefnd Demeter hjá Grikkjum og er gyðja jarðargróðurs, kornræktar, frjósemi og allsnægta.¹² Frú Wilcox sker sig frá hinum í fjölskyldunni. Hún „lyktar af heyi“, er sífellt að skoða blómin sín (2) og nálgast garðinn af varfærni og væntumþykju á meðan karlarnir í lífi hennar spila þar leiki, krocket, tennis og bridge. Þess er einnig getið að húsbóndinn Henry Wilcox, börn þeirra Charles, Evie og einnig Tibby, bróðir Schlegel-systranna, séu með ofnæmi (30) og þau þola því gróðurinn ekki mjög vel.¹³ Það má því halda því fram að söguhöfundur flétti saman veruleika karla og andstöðuna við náttúruna í sögunni. Wilcox-karlarnir eru í ofanálag tæknilega sinnaðir og hafa mikinn áhuga á bílum ólíkt frú Wilcox sem rennur saman við hið náttúrulega umhverfi staðarins.

Wilcox-karlarnir eru því fulltrúar tækni og alls kyns leikfanga eða dóts. Charles finnst skemmtilegast að keyra um England og pabbi hans gefur honum bíl í brúðkaupsgjöf sem er sérlega áhugavert í ljósi þess að sagan gerist við upphaf bílaaldar. Þau eru með bílskúr í Howards End þar sem bíllinn er geymdur. Henry hafði látið byggja bílskúrinn þar sem áður hafði verið hestagirðing. (73)¹⁴ Í sögunni má því sjá hvernig kapítalismi og neyslumenning ryðjast inn og taka yfir einfaldan og fábrotinn lífstíl sveitarinnar.

bls. 145–152, hér bls. 146. Sjá einnig Guðni Elísson, „Dómsdagsklukkan tifar. Upplýsing og afneitun í umræðu um loftslagsbreytingar“, *Ritid:* 1/2011, bls. 91–136, hér bls. 129.

¹¹ Sjá grein David Bradshaw, „Howards End“, bls. 167.

¹² Sjá I. Aghion, C. Barabillon og F. Lissarragu, *Gods and Heroes of Classical Antiquity. Flammarion Iconographic Guides*, Paris/New York: Flammarion, 1996, bls. 87.

¹³ Um þetta ræðir David Bradshaw í „Howards End“, bls. 167.

¹⁴ Nefna má einnig að í sögunni fara Henry Wilcox og Evie dóttir hans í bílaferðalag um Yorkshire (74) og húsbóndinn er tekinn fyrir of hraðan akstur. (87)

Sú persóna sem tengir saman hinar ólíku fjölskyldur er Ruth Wilcox sem líður um grasflötinn fyrir framan húsið sitt eins og hún komi úr annarri veröld: „Hún virtist ekki tilheyrta unga fólkinu og vélknúna ökutækinu þeirra, heldur fremur trénu og húsinu sem stóð í skugga þess. Það fór ekki á milli mála að hún tilbað fortíðina og að sú víska sem aðeins býr í fortíðinni tilheyrði henni. [...]. Hún var kannski ekki af finnum ættum en það fór ekki á milli mála að forfeður hennar skiptu hana máli og hún leyfði þeim að hjálpa sér.“ (21) Frú Wilcox tilheyrir húsinu og um leið fortíðinni, hún hefur dregið til sín vísku forfeðranna og virðist leyfa þeim að leiða sig áfram. Hún er sú sem heldur verndarhendi yfir húsinu og heldur áfram að passa upp á það eftir dauðann. Fortíðarþráin sem birtist í sögunni felst að einhverju leyti í þrá eftir nærveru frú Wilcox sem er umhugað um að finna réttmætan erfingja að húsinu eftir andlát sitt en vísku hennar, óvirkni og virðingu fyrir náttúrunni, er teft fram í verkinu gegn vélvæðingu nútímans, leikjum, viðskiptum í Afríku, tæknibyltingu, einsleitni, kúgun, virðingarleysi, skeytingarleysi og arðráni karlanna.

Gyðjan sem Stóra móðirin

Móðirin í verki Forsters er fyrirferðarmikil tákmynd sem á sér rætur í fornri trú á kvenlegan helgidóm sem Paul Reid-Bowen greinir í samtímanum sem Gyðju-hreyfinguna en hann fjallar um hana í bók sinni *Goddess as Nature*. Hugtakið er samkvæmt honum samheiti sem á sér ólíkar trúarlegar rætur, um sé að ræða margs konar ólík sjónarmið sem eigi það sameiginlegt að skírskota til kvenlegs helgidóms og gyðja með áherslu á mæðraveldi, kvennamenningu eða -samfélög.¹⁵ Hreyfingin hefur vaxið samhliða gagnrýni á karlveldislegar formgerðir í trúarbrögðum heimsins og er grasrótahreyfing sem hefur orðið til vegna gagnkvæmra áhrifa hópa kvenna sem hafa uppgötvað og vilja rannsaka sameiginleg andleg áhugamál innan umhverfis sem er öruggt. Markmiðið er að endurvekja forna trúarhefð frá því fyrir tíma karlveldisins, endurhugsa eðli hins helga og endurheimta nú afbakaðar og gleymdar hugmyndir hinnar glötuðu hefðar sem snerist um trúna á gyðjur. Þessar athafnir fara saman við hugmyndir um femíníska byltingu og mikilvægt er að hafa í huga að þær eiga sér stað utan hinna hefðbundnu, ráðandi, karlveldislegu trúarstofnanna og svæðis.¹⁶

¹⁵ Paul Reid-Bowen, *Goddess as Nature. Towards a Philosophical Theology*, Hampshire: Ashgate Publishing, 2007, bls. 15.

¹⁶ Líklega er skýrasta birtingarmynd þessarar hugmyndar í íslenski bókmennta-

Mæðraveldi eða ættmóðurveldi er trúarkerfi sem felur í sér hugmyndina um gullöld eða tímamann fyrir fallið þegar ekki var til staðar formgerð byggð á stigveldi eða yfirráðum á borð við þau sem einkenna karlveldið. Venjulega er miðað við upphaf menningarsamfélaga (70–30.0000 f.Kr.) og talið er að það byrji að molna niður 3000–2000 f.Kr.. Samkvæmt þessu kerfi var upp-
runalega trúin í heiminum gyðjutrú og karlveldi er sögulegt frávik. Þetta eru því tímabundnar aðstæður og með afturhvarfi til gyðjutrúar er hægt að bæta persónuleg, stjórnmalaleg og félagsleg sambönd á milli kynjanna.¹⁷ Meðlimir Gyðjuhreyfingarinnar deila því þeim hugmyndum að karlveldi sé ekki óbreytilegur fasti heldur eigi sér upphaf í fjarlægri fortíð og geti einnig endað sitt skeið í nálægri framtíð. Mikilvægt sé að hafa í huga að fyrir tíma karlveldisins hafi verið til félagslegt og trúarlegt kerfi sem var kvenlægt eða jafnvel jafnréttissinnað. Það hafi verið sjálfbært og friður ríkt.¹⁸

Oft er talað um að hreyfingin hafi myndast sem afleiðing af vaxandi sjálfsöryggi kvenna og tækifærum til að rannsaka nýjar trúarhugmyndir, þar sem meðvitund kvenna hafi aukist, rétt eins og vald þeirra og sjálfsþekking. Hugmyndin um Gyðjuna eða kvenlegan guðdóm fer þá saman við vald, tilgang og innri styrk einstakra kvenna og er ætlað að vekja upp kraftmikla tilfinningu fyrir kvenlegri helgi innan umhverfis þar sem áður var litið niður á þær. Fyrir mörgum konum eru merking og raunveruleiki kvenlegs guðdóms þannig staðsett innra með þeim sjálfum og tengjast sjálfsvirðingu þeirra og tilfinningunni fyrir eigin valdi og helgidómi.

Gyðjufemínismi er algjðstrú sem er mótuð af hugmyndinni um gyðjuna

fræði bók Helgu Kress *Máttugar meyjar. Íslensk fornþókmennntasaga* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1993) en þar setur hún fram þá kenningu að rætur kvennameningar liggja í heiðni en að hún hafi verið þurrkuð út af ritmenningu karla og komi í raun einungis fram „í helgiathöfnun, goðsögum, látbragði og list.“ (14) Sjá einnig umfjöllun Guðna Elíssonar um bók Helgu „Kvenleg Crymogæa? Um þókmennntahefð, femíníska afbyggingu, nýsögulega þókmennntarýni og *Máttugar meyjar*“, *Skírnir*, vor 1995, bls. 234–253, hér bls. 235–238.

¹⁷ Paul Reid-Bowen, *Goddess as Nature*, bls. 17. Mikilvægt er að hafa í huga að innan meginstraums fræðasamfélagsins hefur gyðjukenningin verið gagnrýnd harðlega. Margir efast um hana á meðan aðrir hafa komist að þeirri niðurstöðu að hún byggji aðeins á tilgátu, sé afskræmd af femínískri hugmyndafræði, einkennist af femínískri bókstafstrú eða sé einfaldlega óskhyggja. Reid-Bowen bendir á að meginvandamálið við rannsókn á slíkri forsögu sé að hún eigi sér stað fyrir ritmenningu og þess vegna höfum við engan aðgang að henni í textum. Innan fræðasamfélagsins hefur hið rit-
aða orð því mesta vægið (sama heimild, bls. 17–18). Hér má þó benda á að mikið magn leirmuna og höggmynda hefur varðveist frá tímabilinu fyrir ritmenningu sem er óneitanlega vísbending um kraftmikla gyðjutrú.

¹⁸ Sama heimild, bls. 16.

sem lifandi náttúru og að heimurinn og hið helga séu ein lífræn heild. Kosmósið og heimurinn eru þannig guðfræðilega talin vera líkami Gyðjunnar sem þjónar því hlutverki að skapa einingu í veruleika sem einkennist af ósamræmi og aðskilnaði.¹⁹ Hringrás Gyðjunnar, hrynjandi hennar og hreyfingar eru í takt við heiminn. Hún getur ekki umbreytt náttúrulegri hringrás fæðingar, dauða og endurnýjunar sem mótar samhengi alls lífs vegna þess að Gyðjan stendur ekki fyrir utan lögmál náttúrunnar. Hringrás náttúrunnar er hennar eigin hringrás.²⁰ Vald Gyðjunnar felst einnig í því að hún holdgerir vitsmunalega ást sem er grundvöllur allrar tilveru.

Juliette Wood bendir á það í grein sinni „The Concept of the Goddess“ að samfélög og trúarbrögð séu bundin hvort öðru á beinan hátt. Í samfélögum þar sem gyðjur séu tilbeðnar sé vald kvenna meira og staða þeirra jafnvel sterkari en karla. Einnig er gert ráð fyrir því að femínískur kraftur stuðli að vistfræðilegu jafnvægi og friði. Wood áréttar að margir fræðimenn geri greinarmun á bókstaflegri Gyðjutrú og Gyðjunni sem myndhverfingu. Þeir sem aðhyllist það fyrrnefnda samþykkja sögulegar kenningar um fornt kerfi þar sem eining ríkti af því að menningunni var stýrt af konum eða mæðrum. Í þessu samfélagi sem var til á ákveðnu sögulegu tímabili hafi verið til staðar kraftmiklar gyðjur. Þeir sem sjá Gyðjuna sem myndhverfingu leggja áherslu á að hún sé frumminni eða erkítýpa, öðru nafni ljóðræn myndhverfing sem tilheyri ekki sögulegu tímabili.²¹ Á þann hátt fá jaðarsettar konur sögulega merkingu í Gyðjutrú fortíðarinnar þar sem kvenlegri einangrun innan karlveldis er á táknrænan hátt snúið við. Það að Gyðjan og trúarbrögðin lifi af tímans tönn segi okkur að það séu möguleikar á því að hið kvenlæga geti orðið miðlægt á ný.²² Hið kvenlæga hafi ekki verið algjörlega bælt niður og skapi um leið bönd á milli fortíðar og framtíðar. Um sé að ræða týnda paradís Gyðjunnar sem hafi lifað áfram á jaðri karlveldisins og hægt sé að endurvefja hana aftur og færa yfir á miðjuna. Gyðju-módelið virkar því betur sem myndhverfing en söguleg staðhæfing að mati Wood. Ef litið er aftur í gráa fortíð má finna merki um kraftmikla ímynd kvenlegrar sjálfsmyndar í horfinni menningu sem þó hefur lifað af tímans tönn. Og þótt Gyðjan hafi um aldir horfið í skuggann á ríkjandi menningu lifði hún af og umbreytt-

¹⁹ Sama heimild, bls. 71.

²⁰ Paul Reid-Bowen vinnur hér með hugmyndir Carol Christ úr *Rebirth of the Goddess. Finding Meaning in Feminist Spirituality*, New York: Continuum, 1995, bls. 106–107.

²¹ Juliette Wood, „The Concept of the Goddess“, *The Concept of the Goddess*, ritstjórn Sandra Billington og Miranda Green, London/New York: Routledge, 1996, bls. 9–10.

²² Sama heimild, bls. 16.

ist síðan sem má sjá sem tákn fyrir stöðugleika hennar og styrk. Hlutverk hennar í fortíðinni holdgeri eiginleika sem nú hafi lengi skort og upprisa hennar geri okkur það kleift að færa þessa eiginleika til nútímans. Það sem heldur velli á þennan hátt úr grárri forneskju verður sjálfkrafa kraftmikið og dularfullt og það sýnir mikilvægi þess að varðveita vald fortíðarinnar.²³

Frú Wilcox birtist í verki Forsters sem dularfull náttúrugyðja sem virðist hafa tilfinningu fyrir fortíð, framtíð og nútíð og vald hennar er dulið. Hún fæddist á Howards End og er eigandi eignarinnar. Hún tilheyrir hægum tíma jarðarinnar sem sker sig frá hröðum tíma karlanna í verkinu. Ruth Wilcox virðist vita um margt sem er að gerast í umhverfinu án þess að henni sé sagt það. Helen Schlegel sem trúlofast Paul Wilcox í stutta stund í upphafi sögunnar segir Margaret systur sinni að frú Wilcox hafi vitað þetta. Þegar Margaret spyr: „Vitað hvað“, svarar Helen: „Allt. Jafnvel þótt hvorugt okkar hafi sagt orð. Og hún vissi allan tímann, held ég.“ (25–26) Frú Wilcox minnir um margt á gyðjuna sem vefur mönnum örlög, slík óbein áhrif hefur hún á atburðarásina, þótt vilji hennar sé orðaður á óvirkan og að því er virðist hljóðan máta og þrátt fyrir að karlarnir bregðist við af hörku og andmæli með sinni sterku rödd og fari gegn henni. Enda vinnur hún að lokum sigur og fer sínu fram. Ruth Wilcox virðist jafnframt vera náttúrutrúar og finnur sig illa í borginni. Hún trúir því t.d. að tréð við húsið hafi lækningamátt. Í fortíðinni festist tönn úr svíni inni í trénu og tréð á að lækna tannverk, ef þú nagar barka úr því. (73) En mögulega hafa tímarnir breyst: „Það læknaði allt, einu sinni“ (73), segir hún. Sjá má að tréð mótast af tíðarandanum, náttúran hefur ekki lengur sama vald yfir lífi fólks og áður fyrr og er mögulega að hopa fyrir ágengni mannsins.

Sveit og borg er stillt upp sem andstæðum í verkinu. Í sögunni er því lýst hversu andlaust borgarlífið sé: „Borgin virtist djöfulleg“ (87) og er tengd innilokun og þrengslum, og hún er staður þar sem þoka liggur yfir öllu.²⁴ Þegar frú Wilcox fer heim til sín eftir bæjarferðina með Margaret er því lýst eins og hún sé að ganga inn í gröf þegar hún fer inn í íbúðina sína sem er sótug og skítug. Hún er eins og sýni í tilraunaglas, og fer inn í grafhvelvingu sem minnir á víti.²⁵ Að auki er frú Wilcox ekki menntakona (e. „not intel-

²³ Sama heimild, bls. 19–22.

²⁴ Frú Wilcox fer snemma á fætur þegar hún er í Howards End en eyðir oft heilu dögnum í rúminu þegar hún er í London: „Það er ekkert varið í það að fara á fætur í London.“ (71) Í sögunni virðist borgarlífið gera hana þreytta, andlausa og þunglynda.

²⁵ Líkt og sagt er í sögunni: „Fallega höfuðið hvarf fyrst, enn þá falið inni í skjólinu; og pilsíð elti í lögum slóða á eftir. Þessi kona sem var óskilgreinanlegt fágæti steig

lectual“) og hefur lítinn áhuga á ferðalögum. (78–79) Hún virðist því fremur óvirk og tekur heldur ekki mikinn þátt í samfélagsumræðu eða deilir um pólitík: „Stundum finnst mér eins og það væri gáfulegra að láta körlunum það eftir að sjá um framkvæmdirnar og umræðurnar.“ (79) Líta má svo á að frú Wilcox taki ekki skýra pólitíska afstöðu í lífinu vegna þess að hún tilheyri náttúrunni og sé því ekki eins bundin samfélaginu og aðrar persónur sögunnar. En hún skiptir sér af samferðafólki sínu á óbeinni hátt eins og náttúran gerir og virðist stýra á bak við tjöldin óséd. Hún er í raun valdamesta persóna verksins þegar upp er staðið því að hún er eins og lögmál sem þau komast ekki undan að fylgja.

Ruth Wilcox er jafnframt stillt upp andspænis manni sínum Henry og börnum þeirra. Henry er staðfastur, valdsmannslegur og einbeittur: „það var hvergi veikleikamerki að sjá. Þó að augun bæru með sér hlýju og þörf fyrir félagsskap og væru á þessari stundu rauð af tárur, þá voru þetta líka augu einstaklings sem lætur ekki stýra sér.“ (94) En undir festu Henrys býr óöryggi og hann, rétt eins og Charles sonur hans, forðast nán samskipti og tilfinningar og óttist þau jafnvel: „Eða þá, eins og Helen áleit, að þeir gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess og óttuðust það. Undir niðri mátti merkja skelfingu og tómléika.“ (96)

Þegar Henry hrósar eiginkonu sinni talar hann um sakleysi hennar, blíðu og góðmennsku, og það hversu framandi illska heimsins sé henni: „Ruth var sér jafn meðvituð um grimmd og visku heimsins eins og blómin í garðinum hennar og grasið úti á enginu hennar.“ (93) Hún botnar heldur ekkert í peningum ólíkt körlunum í fjölskyldunni og spyr Henry hvers vegna fólk sem á nóg af öllu reyni alltaf að ná sér í meira. (93) Í sögunni má sjá hvernig Henry tapar smátt og smátt karllægri stjórn sinni og beygir sig að lokum undir femínískt vald seinni konu sinnar, Margaret Schlegel, þeirrar sem sættir andstaðurnar í verkinu.²⁶ Lögð er áhersla á að vernda verðmæti, hvort sem það séu eignir eða einfaldlega fortíðin, menningin, náttúran.²⁷

upp til himins eins og sýni í flösku. Og inn í hvers konar himin – inn í grafhvelfingu ættaða úr víti, sótsvarta, þaðan sem sótið féll!“ (88)

²⁶ Margaret er send af stað af Ruth látinni og verður tengiliðurinn milli póllanna tveggja. Hún segir við Helen að vinna þeirra felist ekki í því að vera á öndverðum meiddi heldur að öðlast skilning: „Verkefni okkar er ekki að vera í andstöðu við þau, heldur finna sáttina á milli.“ (108) Sjá má að Margaret vill halda samræðunni áfram þangað til þau ná að tengjast.

²⁷ Líklega er það ekki tilviljun að Margaret og Helen bera nafnið Schlegel en bræðurnir Friedrich (1772–1829) og August Wilhelm Schlegel (1767–1845) voru helstu forsprakkar þýskrar hughyggju og hafa löngum verið kenndir við Jena-rómantikina. Margt í menningar- og samfélagsskilningi Schlegel-systranna í *Howards End* má

Í sögunni er einnig ýjað að hugmyndinni um mæðraveldi sem mögulega leið í því að skapa friðsamlegt samfélag. Frú Wilcox segir: „ef mæður ólíkra þjóða gætu hist þá yrðu engin frekari stríð.“ (93) Hún virðist þannig trúá á sterka stöðu móðurinnar og mannkynssagan styður mögulega þau sjónarmið að friðsælla væri í heiminum ef konurnar færu með völdin. Því vaknar sú spurning hvort það sé móðir náttúra sem hún trúir á eða hvort hún líti svo á að færa ætti hið veraldlega vald í hendur kvenna. Aðeins þannig sé hægt að stuðla að friði og sátt á milli manna.

Erick Neumann lýsir því í frægri bók sinni *The Great Mother*, hvernig sálarlíf mannsins hafði verið á sviði hins ómeðvitaða á tíma mæðraveldisins þegar hin Stóra móðir sem erkitýpa eða frumminni var ríkjandi. Þetta frumminni lifði áfram í einstaklingnum sem og í hópum, jafnt körlum sem konum, þótt mæðraveldinu væri skipt út fyrir veruleika karla þegar frumminnið um hinn Stóra föður eða hið karllæga, með annars konar táknkerfi, gildum og hneigðum, varð ríkjandi.²⁸ Höggmyndalist frá steinöld af hinni Stóru móður sem gyðju sýnir hvernig hið femíníska frumminni birtist glögglega sem fullkomin eining og heild. Þessar fígúrir má finna allt frá Síberíu til Pýreneafjalla og þær gefa til kynna yfirráð móðurinnar, hversu mikið sem vald karlmannsins eða veiðihópsins kann að hafa verið yfir konum á þessu tímabili.²⁹

Neumann segir hreyfingarleysi hinnar Stóru móður oft dregið fram í þessum fornu myndum með því hvernig hún situr á jörðinni. Þannig er gefið til kynna jarðsamband hennar en samkvæmt helgisíðum merkir það að sitja á einhverju það sama og að hafa eignarhald yfir því. Kyrrstaða hennar gefur til kynna að hún sé hluti af jörðinni, rétt eins og fjall eða hóll. Þyngdaraflið virðist draga hana niður á við og sætið verður að sæti mannkynsins sem kynstofns. Um er að ræða hið upprunalega hásæti, fyrsta veldisstólinn. Konungurinn kemst til valda með því að setjast í hásætið og tekur sér þannig stöðu í skauti hinnar Stóru móður, jarðarinnar, og verður sonur hennar. Í fornum menningarsamfélögum stóð hásætið fyrir guðdóminn sjálfan. Upprunalega hásætið var fjallið, sem bindur saman jörðina og hellinn í táknræna heild umfangs og hæðar. Um var að ræða hina guðdómlegu Fjallmóður (e. *the Mountain Mother*) sem varð að heillögum anda (e. *numen*) og síðar að hásæti þar sem guðdómurinn á uppruna sinn.

rekja til þeirrar fagurfræði og náttúrusýnar sem festir sig í sessi í Pýskalandi og Englandi heilli öld fyrr.

²⁸ Erich Neumann, *The Great Mother. An Analysis of the Archetype*, þýðandi Ralph Manheim, Princeton/ Oxford: Princeton Univeristy Press, 1963, bls. 91–92.

²⁹ Sama heimild, bls. 94.

Það að konungurinn sitji á seinni tímum í hásæti hinnar Stóru móður afhjúpar eignarhald karlsins yfir konunni og um leið yfir jörðinni. Móðurlegar rætur sætisins eru enn frekar staðfestar með indverskum helgisiðum þar sem konungurinn sest í hásætið sem stendur fyrir legið.³⁰ Fyrir miðju myndarinnar stendur ílátíð, tákmynd þess sem veitir skjól, sem verndar, nærir og fæðir. Leirílatið skírskotar til konunnar, það verður að tákni fyrir hana og hún hlýtur það einnig sem gjöf. Konan verður því að birtingarmynd ílátsins um leið og það heldur hefðbundnu notagildi sínu sem áhald til þess að sækja vatn, týna ber og undirbúa mat. Í þessum skilningi er það marglaga tákni fyrir kvenlegan guðdóm.³¹ Stóra gyðjan er sem heild tákni fyrir skapandi líf og líkamshlutar hennar hafa andlega merkingu. Af þessari ástæðu eru brjóst hennar, magi og nakinn líkami fyrst og fremst birtingarmyndir guðdómsins. Hún hefur í gegnum aldirnar birst sem berbrjósta kona sem heldur á ílati eða sem bókstaflegt ílát skreytt brjóstum.³²

Hið femíníska goðmagn býr ekki aðeins í brjóstunum sem gefa næringu heldur jafnvel fremur í kviðnum/maganum sem er ílát og geymir allt. Þess vegna eru ílátin svona ístrumikil. Sum þeirra hafa naflastreng vafinn um miðjuna og kvenleg kynfæri. Naflastrengurinn sem miðja heimsins er einnig frumminni en lítið er á marga helga staði sem naflastrengi heimsins, eins og til dæmis musterið í Jerúsalem, hofið í Delfi o.s.frv. Tákmyndin er jafnframt kvenlegt tákni fyrir jörðina þar sem dregið er fram það hlutverk hennar að vera naflastrengur og miðja sem nærir heiminn. Ílatið hefur svo þá viðbótarmerkingu að binda saman jörðina og hið femíníska. Konur sátu yfir leirpottum (e. *pot*) sem þær gerðu sjálfar og efniviðurinn tilheyrði jörðinni, var bókstaflega jörð. Í frumstæðum samfélögum var „leirinn líkt og jörðin kona, það er hann hefur konusál.“ Það tilheyrði jafn mikið skapandi verkahring konunnar að búa til leirpott eins og að búa til barn. Í leirpottagerðinni tengist konan, samkvæmt Neumann, ævafornum skapandi krafti sem mótar lífið.³³ Hið femíníska býr til skýli og verndar. Það umlykur fjölskylduna og hópana í táknrænni merkingu hússins. Þessa ímynd má einnig sjá í kerinu sem minnir á hús, ílát sem tekur á sig útlínur húss. Allt fram á okkar daga hefur femíníska ílatið, sem á sér uppruna í hellinum og síðar í húsinu (og ber með sér þá tilfinningu að vera fyrir innan, vera verndaður, vera í skjóli og inn í hlýju húsi), alltaf verið sett í samhengi við upprunalegt rými legsins.³⁴

³⁰ Sama heimild, bls. 98–100.

³¹ Sama heimild, bls. 120.

³² Sama heimild, bls. 128.

³³ Sama heimild, bls. 132–136.

³⁴ Sama heimild, bls. 136–137.

Sjá má hvernig sagan *Howards End* veltir upp spurningum um hina Stóru móður sem verndar og býr til skjól fyrir afkomendur sína, börn og vandanmenn. Hún verður að mótandi femínísku affi sem stýrir sögunni og hefur áhrif á frásagnarfléttuna. Húsið Howards End verður að tákni fyrir þetta skjól móðurinnar, leirpottinn, hellinn og í raun legið þaðan sem lífið á upp-tök sín, þar sem það er verndað af kvenlegum mætti.

Hús deyja á sinn sérstaka hátt

Margaret Schlegel og frú Wilcox eiga í sérstöku sambandi áður en sú síðar-nefnda deyr eftir veikindi. Það kemur síðan í ljós að frú Wilcox virðist hafa valið Margaret sem réttmætan erfingja að eign sinni Howards End. Forsaga þess er sú að hún fréttir að Schlegel-systkinin muni missa húsið sem þau ólust upp í, þau séu nauðbeygð til þess að flytja annað þar sem það verði rífið og háhýsi byggt. Hér má því einnig sjá hneykslun yfir því að illa sé farið með eignir og sorgina yfir því að vera rifinn upp með rótum og skipað að flytja frá samastað sínum. Ruth Wilcox segir við Margaret:

„Ég vorkenni þér af öllu mínu hjarta. Að vera neyddur til þess að yfirgefa húsið þitt, hús föður þíns, það ætti ekki að líðast. Þetta er verra en að deyja. Ég myndi fremur kjósa að deyja en – ó vesalings stúlkur. Hvaða mark er takandi á öllu tali um siðmenningu ef manneskjur fá ekki að deyja í herberginu þar sem þær fæddust? [...] Howards End var einu sinni næstum því rífið. Það hefði drepið mig.“ (86)

Dauðinn er skrári kostur en að vera hrakinn frá heimili sínu og kannski felst í því andlegur og líkamlegur dauði að eiga sér hvergi heima, að vera flóttamaður án samastaðar. Tekið er undir það viðhorf í sögunni að hús séu lifandi og með sálir.³⁵ Sá sem á sér ekki heimili verður að flandrara og líf hans skortir samhengi, tilveran verður sundurlaus og brotakennd sem gerir það að verkum að fólk nær ekki að mynda djúpstæð tengsl sín á milli, hvorki við sjálf sig né staðinn sem það býr á. Á þennan hátt lýsir sagan því þegar hús systkinanna er rífið:

³⁵ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur skrifað um lifandi hús með hliðsjón af draugahúsinu. Í „Mother’s tomb. The Haunted House in Óskar Þór Axelsson’s *I remember You*“ ræðir hún meðal annars um lífrænt og táknrænt legið, húsið sem kjallara eða helli í tengslum við hryllingsmyndir, það sé að einhverju leyti í gegnum legið sem reimleikahúsið bindist íbúum sínum. Sjá *Journal of Scandinavian Cinema* 11(1)/2021, bls. 49–58, hér bls. 53.

Hús deyja hvert á sinn máta, hverfa á jafn ólíkan hátt og kynslóðir mannanna, sum hverfa með harmrænu öskri, önnur fara hávaðalaust en dvelja eftir það í borg drauga, á meðan andinn yfirgefur enn önnur hús á meðan líkaminn lifir – og þannig dó Wickham Place. [...] Þegar komið var fram í september var það tilfinningalaust lík sem þrjátíu hamingjurík ár náðu naumast að glæða tilgangi. (269)

Sagan leggur mikla áherslu á mikilvægi heimilisins, að það sé himneskur staður sem þú nálgast af virðingu og væntumþykju og kannst að meta. Slíkur draumastaður er Howards End, og vegna tengslanna við náttúruna og móðurina í verkinu sem er bundin hinu jarðneska verður staðurinn að táknmynd fyrir heimili mannkynsins, jörðina sjálfa, auðlindir okkar og það sem við skilum til barna okkar. Sagan fjallar því um fólk sem hefur tapað rótunum, misst tengsl við heimkynni sín, mögulega vegna vanrækslu og skeytingarleysis. Þetta er fólk sem lifir eins og flandrara, líkt og Margaret og Henry Wilcox gera þegar þau eru orðin hjón, eða Helen þegar hún flýr land og tapar sambandinu við systur sína. Öll eru þá á hálfgerðum flóttu vegna skorts á samastað.

Náttúrugyðjan Ruth Wilcox skilur mikilvægi þess að koma fram af virðingu og ást við heimili okkar sem í sögunni er hliðstæða við jörðina. Í sögunni kemur skýrt fram hvað vaki fyrir Ruth þegar hún leitar að nýjum umsjónarmanni hússins: „Í þeirra huga var Howards End hús. Hvernig hefðu þau getað skilið að fyrir henni hafði það verið andi sem nú þurfti andlegan erfingja. [...] Á sálin sér afkomanda? Nornaálmur, vínvíður, heyvöndull votur af döggi – er hægt að flytja ástriðuna til alls þessa áfram þegar engin eru blóðböndin?“ (102)

Fjölskyldan skilur ekki að heimili er ekki hús heldur lifandi andi og að finna þarf erfingja sem tengist húsinu af lífi og sál, jafnvel þótt slíkur erfingi reynist ekki vera blóðskyldur Ruth. Hér er vakin upp sú hugmynd að blóðbönd skipti ekki máli þegar kemur að því að koma verðmætum áfram vegna þess að við erum öll fjölskylda í stóra samhenginu.

Ruth Wilcox hefur rétt fyrir sér í því að fjölskylda hennar reynist ekki hafa áhuga á húsinu sem heimili eða griðastað eftir að hún hefur fallið frá. Henry segir við Schlegel-systurnar: „Nei, við erum öll orðin fráhverf Howards End. Í aðra röndina líkar okkur ágætlega við húsið en okkur stendur samt á sama um það núna.“ (142) Skeytingarleysi fjölskyldunnar verður í samhengi sögunnar táknrænt fyrir virðingarleysi mannsins sem tegundar frammi fyrir náttúrulegum verðmætum sem og vanrækslu þegar kemur að arfleifð sinni og okkar allra.

Í verkinu birtist sú hugsun skýrt að hús séu lifandi og hafi sitt eigið lífkerfi og hringrás, rétt eins og náttúran. Það minnir á þá meginkeningu James Lovelock sem birtist m.a. í bók hans *The Revenge of Gaia*, að plánetan sé lifandi heild, rétt eins og lífvera. Lovelock segir að ólíkt Mars og Venusi³⁶ sé Gaja eins og ein af okkur: Hún stýri hitastigi sínu og samsetningu þannig að það sé þægilegt og slíkt hafi hún að mestu gert í yfir þrjá milljarða ára. Dauðar plánetur séu eins og stytur gerðar út steinum, ef maður setur þær inn í ofn og hitar í 80 gráður þá eru þær óbreyttar. Við myndum deyja við slíkan hita og hið sama má segja um jörðina.³⁷

Ef við hugsum um plánetu okkar eins og lifandi veru, rétt eins og Lovelock gerir, þá skiljum við betur hvernig landbúnaðurinn slítur lifandi vefi ysta lags hennar og hvers vegna mengun er jafn mikið eitur fyrir hana og okkur. Það að auka brennslu koltvísýrings og metangass í andrúmsloftinu hefur allt öðruvísi afleiðingar hér en á dauðri plánetu eins og Mars. Ef við hugsum ekki um jörðina bregst hún við með því að losa sig við okkur. Lovelock telur að vegna þess að við erum rándýr lítum við framhjá því að heimurinn okkar er að breytast. Við erum skilyrt til þess að sjá aðrar lifandi verur sem fæðu og okkur er meira umhugað um ættstofn okkar en nokkuð annað. Við gefum upp líf okkar í nafni hans og myrðum aðra á hrottafullan hátt fyrir hann. Fyrir okkur er það jafnframt framandi hugsun að við séum, ásamt öllu öðru lífi, frá bakteríum til hvala, hluti af miklu stærra og margbreytilegra lífríki, lifandi plánetu. Það myndi eflaust taka jörðina meira en þúsund ár að jafna sig á þeim skaða sem við höfum þegar valdið henni ef við hættum skyndilega að menga.³⁸ Sem siðmenning líkjumst við helst þeim sem eru háðir eiturfjóm. Ef við höldum áfram deyjum við og ef við hættum skyndilega deyjum við. Samkvæmt Lovelock gæti þetta hafa byrjað fyrir hundrað þúsund árum þegar við kveiktum í skógum vegna þess að við nenntum ekki að hafa fyrir því að veiða okkur til matar. Þá hófst niðurrif jarðarinnar sem við berum ábyrgð á. Við erum sem tegund um margt lík geðklofaparínu doktor Jekyll og herra Hyde. Við búum yfir getu til þess að tortíma okkur og öðrum á voðalegan hátt um leið og við höfum hæfileika til að byggja

³⁶ Gaja kemur úr grískri goðafræði og er móðir alls lífs, svipuð hinni rómversku Terra Mater (móður jarðarinnar). Á myndum hallar hún sér gjarnan út af með gnægtahorn eða flát. Gaja er líffræðilegt gangvirki og einnig andleg eining, hún er vera sem á sér líf út af fyrir sig og ákveðna sjálfsmynd. Sjá til dæmis Lesley Bolton, *The Everything Classical Mythology Book. Greek and Roman Gods, Goddesses, Heroines and Monsters from Ares to Zeus*, Avon: Adams Media Coporation, 2002, bls. 43.

³⁷ James Lovelock, *The Revenge of Gaia*, London: Penguin Books, 2006, bls. 2.

³⁸ Sama heimild, bls. 5 og 8.

upp stórfenglega siðmenningu. Lovelock vitnar í enska heimspekinginn John Gray og bók hans *Straw Dogs* en hann segir blindu okkar rísa úr kristilegri og húanískri hugmynd sem hafi skotið rötum fyrir tvö þúsund árum. Við höfum tekið svo mikið frá þessum heimi sem var eitt sinn kunnuglegur, þægilegur og sjálfsgaður og með gjörðum okkar höfum við breytt honum svo mikið að við erum ekki lengur velkomin. Með þessum verknaði höfum við ómeðvitað lýst yfir stríði við Gaju.³⁹ Sem einstaklingar erum við ekki svo sérstök og að sumu leyti er mannkynið sem tegund eins og veira eða plága sem plánetan okkar glímur við.

Lovelock kallar Gaju líkamlegt kerfi af því að hún virðist hafa það ómeðvitaða markmið að stýra loftslaginu og efnisheiminum í þeim tilgangi að halda jörðinni kaldri. Honum hefur þótt það gagnlegt að hugsa um jörðina eins og hún sé dýr, og ennfremur eins og úlfaldi sem hefur með það að gera hvernig hún stýrir hitastiginu.⁴⁰ Gaja, líkt og úlfaldinn, getur lækkað og hækkað hitastigið til þess að aðlagast breyttum skilyrðum í umhverfinu. Þegar andrúmsloftið er of heitt eða of kalt færi hún sig um svið svo að hún geti viðhaldið varanlegu ástandi. Hún er við það að færa sig núna. Jörðin bregst því við þeim breytingum sem við höfum valdið á umhverfi okkar, annaðhvort með því að afturkalla breytingarnar eða með því að afturkalla okkur. Við höfum gert jörðina að stærsta óvini okkar.

Í verki Forsters *Howards End* koma fram áhyggjur af framkomu mannsins gagnvart náttúrunni og auðlindum hennar og sú hugsun að jörðin sé lifandi lífvera sem okkur beri að nálgast af virðingu. Lögð er áhersla á það mikilvæga hlutverk að vernda verðmæti og skila þeim ósködduðum til næstu kynslóðar, hvort sem það er fortíðin, menningin eða náttúran. Í samræðu um galla stórborgarinnar segir Margaret: „Þeim mun meiri sem þekking fólks er, því auðveldara er að skipta því út. Þetta er eitt bölið við það að búa í London. Ég býst fastlega við því að verja síðustu árunum í að þykja mest vænt um einhvern stað.“ (136) Hér er vísað til iðandi mannhafs stórborgarinnar þar sem nafnlaust fólkíð týnist í þvögunni og er óþekktanlegt hvert frá öðru. Orðin eru nokkurs konar spádómur þar sem Margaret endar

³⁹ Sama heimild, bls. 8–9.

⁴⁰ Úlfaldar, ólíkt flestum öðrum dýrum, stýra hitastigi líkama síns á tvenns konar hátt. Á daginn í eyðimörkinni þegar það er óbærilega heitt, er hitastig þeirra nálægt 40 gráðum, sem er nálægt hitastigi loftsins og þannig forðast þeir að kæla sig niður og tapa vatni með því að svitna. Á nóttunni er eyðimörkin köld og stundum nálægt frostmarki og til þess að viðhalda líkamshitanum lækkar hitastig úlfaldans þá niður í 34 gráður. Sjá James Lovelock, *The Revenge of Gaia*, bls. 21.

sem arftaki hússins Howards End og tekur að sér að færa gildi frá Wilcox áfram til næstu kynslóðar.

En hvert er hlutverk hennar sem erfingi Howards End í sögulok?

Hvít heimsvaldastefna, arðrán og nýtingarbyggja

Elsti sonurinn Charles Wilcox er sá sem á að erfa húsið eftir mömmu sína. Frú Wilcox skrifar bréf með blýanti til eiginmanns síns á dánarbeðinu þar sem segir að hún vilji að „Miss Schlegel (Margaret) fái Howards End.“ (100) Bréfið er innsiglað en á því er engin undirskrift og því er þetta í raun aðeins viljayfirlýsing hennar. Frú Wilcox velur þannig eftirmann sinn, verndara eignarinnar og um leið mögulega næstu húsfreyju Howards End, því að Margaret Schlegel verður seinni eiginkona Henrys. Wilcox-fjölskyldan rífur miðann í sundur og fleygir honum sem marklausu plaggi í eldinn en þó ekki án taugatitnings. Þau segja ekkert um þetta við Margaret en það hefur áhrif á persónurnar að fara á slíkan hátt gegn vilja móðurinnar og er verknaðurinn lýsandi fyrir ytri atburðarás sögunnar með ýmsum hætti því að hún snýst um að ræna réttmæta erfingja eigna arfleifð sinni. Í verkinu er lögð áhersla á völd hvítra evrópskra karla yfir samfélaginu og þátt þeirra í því að búa til kapítalískt neyslusamfélag með áherslu á tæknivæðingu, vélvæðingu, arðrán, kúgun minnihlutahópa og mótun stéttskipts þjóðfélags.

Ein leið til þess að skoða þessa kapítalísku nýtingarhyggju er að setja hana í samhengi við hugmyndir Naomi Klein í bókunum *The Shock Doctrine. The Rise of Disaster Capitalism*⁴¹ og sérstaklega *Þetta breytir öllu. Kapítalismi gegn loftslaginu*. Í síðarnefndu bókinni lýsir hún því hvernig menningin okkar gengur á hóflausan hátt á takmarkaðar náttúruauðlindir jarðar eins og enginn sé morgundagurinn. „Um nokkur hundruð skeið höfum við talið okkur trú um að við gætum grafið upp nætursvartar leifar eftir annað líf upp úr iðrum jarðar, brennt þær í gríðarmiklu magni og að loftkenndar agnirnar og gasið sem slyppi út í andrúmsloftið hefði engin áhrif vegna þess að við kæmum ekki auga á það.“⁴² Og jafnvel þótt þetta hefði einhver áhrif skipti það ekki máli vegna snilligáfu okkar, við kæmum okkur út úr vandræðunum

⁴¹ Naomi Klein, *The Shock Doctrine. The Rise of Disaster Capitalism*, New York: Metropolitan Books, 2007. Í bókinni lýsir Klein því hvernig nýfrjálsbyggjumenn beita hamfarakapítalisma sem felst í því að einkavæða samfélög sem standa höllum fæti af því að þau hafa orðið illa úti vegna náttúruhamfara eða stríða.

⁴² Naomi Klein, *Þetta breytir öllu. Kapítalismi gegn loftslaginu*, þýðandi Jóhannes Ólafsson, Reykjavík: Salka, 2018, bls. 159–160. Bók Klein, *This Changes Everything. Capitalism vs. the Climate* kom út hjá New York: Penguin Books, 2014.

sem við höfum skapað. Ákvarðanir okkur einkennast af virðingarleysi fyrir þeim huldu en mælanlegu kröftum sem við hleypum út. Þetta er hluti af því stóra vandamáli sem kolefnismengun er. Við sjáum hana ekki og höldum þess vegna að hún sé ekki til. Menning okkar snýst um afneitun, um það að vita og vita ekki samtímis.

Þessi valkvæða blinda einangrar okkur sem neytendur frá uppruna framleiðslunnar. Við horfumst ekki í augu við hver býr til vörunnar okkar, hver hreinsar til eftir okkur, eða hvert ruslið okkar fer, og þá skiptir engu hvort um er að ræða skolpræsakerfið, raftækjaiðnaðinn eða kolefnislosunina okkar.⁴³ Það sem við verðum þá að hafa í huga er að það er ekki til neitt sem heitir að vera: „úti á ballarhafi“, enginn staður sem „skiptir ekki máli“ og að ekkert hverfur í raun fyrir fullt og allt.⁴⁴ Á einhverju plani vitum við öll að við erum bundin saman af iðandi lífneti. En þrátt fyrir það erum við föst í línulegum frásögnum sem segja okkur hið gagnstæða, að við getum þanist út óendanlega, að það verði alltaf nægilegt svæði til þess að taka á móti ruslinu okkar, fleiri auðlindir sem kynda undir langanir okkar, fleira fólk til þess að misnota. Við þurfum að greina þetta hættulega hugarástand sem gerir það að verkum að við og forfeður okkar höfum komið fram af slíku ofbeldi við jörðina, en það nefnir Klein nýtingarhyggju (e. *extractivism*). Þessi tiltekna sýn á veruleikann nær langt í því að útskýra hvernig efnahagslegt líkan byggt á vexti varð raunhæft til að byrja með: „Nýtingarhyggja er ógagnkvæmt, drottnunargjarnt samband við jörðina sem gengur út á að taka.“⁴⁵ Um er að ræða andstæðuna við bústjórn sem felur í sér að taka en um leið passa upp á að lífið endurnýi sig og haldi áfram. Nýtingarhyggjan breytir aðeins lífi í nothæfa hluti sem hafa ekkert gildi eða virði í sjálfu sér. Flóknu, lífandi vistkerfi er breytt í náttúruauðlindir.

Mannlíf er samkvæmt þessari hugsun einnig smættað niður í vinnuafli sem annaðhvort er hægt að misnota gróflega eða það verður að félagslegri byrði, vandamáli til að loka af við landamæri, í fangelsum eða á fráteknum landsvæðum. Sjálf nytsemin tengist hugsuninni um fórnir, að þeir sem stunda losun geti fórnað ýmsum svæðum og eyðilagt þau í nafni efnahags og framfara. Þessi eitraða hugmynd er nátengd heimsvaldastefnu, þar sem jaðarinn er látinn fæða ljómandi kjarnann. Hún er jafnframt bundin kynþáttayfirburðum vegna þess að til þess að hægt sé að fórna þarf fólk og menningu sem eru svo lítills virði að það er í lagi að skipta þeim út fyrir eitt-

⁴³ Sama heimild, bls. 160.

⁴⁴ Sama heimild, bls. 162.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 163.

hvað annað. Nytsemin blómstrar á nýlendutímanum vegna þess að þá nálgast menn heiminn sem keppnisvöll um ónumin lönd fremur en að líta svo á að um heimili annarra sé að ræða. Nýlenduhyggjan fæðir þá trú að það sé alltaf hægt að fara annað og arðræna um leið og búið er að þurrausa tiltekin svæði. Þessar hugmyndir komu á undan iðnvæðingunni og losun á jarðefnaeldsneyti: „Samt sem áður var það getan til að virkja orku úr kolum og knýja verksmiðjur og skip fremur en allt annað sem kynnti undir þeirri hættulegu hugsun að leggja undir sig heiminn.“⁴⁶ Loftslagsbreytingar ögra kapítalískri hugsun og undirliggjandi sögu siðmenningarinnar um endalausán vöxt og framfarir en við erum enn föst innan þessarar frásagnar.

Í *Howards End* birtist þetta gagnrýna viðhorf hjá látnum föður Schlegel-systkinanna og sagan tekur undir það. Æska landsins nýtir ekki gáfur sínar til góðs heldur hefur aðeins áhuga á notagildi allra hluta. (28) Fólk kann ekki að meta ímyndunaraflíð og er aðeins hugfangið af stærð og umfangi. Pabbinn hafði sagt: „Sá löstur einkennir óheflaða huga að þykja mikið til stærðar koma, að halda að þúsund fermílur séu þúsund sinnum dásamlegri en ein fermíla og að milljón fermílur séu næstum það sama og himinninn sjálfur. Þetta á ekkert skilt við ímyndunarafl? Nei, svona hugsun drepur það.“ (28–29) Í samhengi sögunnar má túlka þessa hugleiðingu sem viðbrögð við valdabaráttunni sem var í gangi í Evrópu á fyrsta áratug aldarinnar og leiddi til heimsstyrjaldarinnar fyrri, drauma um heimsyfirræð, heimsveldisstefnu og þjóðerniskennd. Margaret veltir orðum föður síns fyrir sér og: „Niðurstaða hennar var sú að sérhver manneskja liggir nær hinu óséða en einhvers konar skipulagi og frá þessari hugmynd vék hún aldrei.“ (29) Orð Margaretar eru torræð en merkja mögulega að maðurinn þrífist ekki vel innan ímyndaðs valdakerfis og því beri að afbyggja það. Hér mætti því sjá viðhorf gegn einsleitni og stuðning við margbreytileika, til dæmis út frá kyni, kyngervi og kynþætti. Þetta viðhorf tengist einnig náttúruhyggjunni sem finna má í verkinu, þar sem maðurinn ætti að vera undir stjórn hinnar ósýnilegu handar náttúrunnar en ekki leitast við að beygja hana undir vilja sinn.

Naomi Klein segir að við þurfum að viðurkenna að við erum auðmjúkur hluti af heiminum en ekki herrar hans eða vélvirkar. Það getur valdið velliðan að átta sig á því hvernig allt líf er samofið en slíkt samband er ögrandi fyrir siðmenningu okkar. Að horfast í augu við loftslagsbreytingar merkir að samþykkja að valdataflið á milli manna og jarðar er öfugt við það sem við

⁴⁶ Sama heimild, bls. 163.

höfum ímyndað okkur í þrjár aldir,⁴⁷ en stærstan hluta þess tíma var saga okkar skrifuð með kolum.

Síðan á tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar hefur hugmyndafræðilegt stríð einkennt þessa sögu að mati Klein. Kommúnistar, sósíalistar og stéttarfélag hafa barist fyrir jafnari dreifingu á því sem er losað og unnið stórsigra fyrir hönd fátækra og verkamannastéttarinnar. Hópar þessa tímabils sem börðust fyrir mannréttindum hafa einnig barist hetjulega gegn iðnvæðingu sem einkennist af því að fólk er fórnað. Þetta fólk á ekki skilið nein réttindi frekar en hrávörur. Þessi barátta hefur einnig skilað sér í sigri gegn þeim sem æðstir eru í valdapíramídanum, í baráttu gegn þrælahaldi, og fyrir kosningarétti og jafnrétti fyrir lögum. Og það hafa heyrst raddir í öllum þessum hreyfingum sem hafa bent á hliðstæður á milli þess hvernig efnahagurinn virðir að engu bæði hinn náttúrulega heim og verkamennina sem hafa verið dæmdir til þess að vera fórnað eða skipta ekki máli.

Klein leggur jafnframt áherslu á að femínískir fræðimenn hafi annars vegar löngum rætt um stríð karlveldisins gegn líkömum kvenna og hins vegar gegn líkama jarðarinnar. Þessi barátta sé samtvinnuð allsherjar og eyðandi aðskilnaði milli anda og líkama, milli líkama og jarðarinnar og úr henni spretti vísinda- og iðnbyltingin. Vestræn heim Smynd frá upplýsingu bjóði ekki upp á kortlagningu á því hvernig við eigum að lifa í sambandi við náttúruna á neinn annan hátt en þann sem gengur út á að taka frá henni án endurgjalds og menga hana til baka.⁴⁸

Í *Howards End* eru iðandi mannhaf stórborgarinnar, vélvæðing og kapítalismismi sett í samhengi við valdaformgerðir samfélagsins þar sem hinn hvíti evrópski karl ræður ríkjum og beitir öllum ráðum til þess að viðhalda ríki-dæmi sínu og forréttindastöðu. Sýnt er fram á hversu illa aðferðir karlveldisins fara í senn með konur tímabilsins og með náttúruna. En þótt karlarnir í verkinu geri sig seka um kúgun og skeytingarleysi eru þeir ekki einföld illmenni eða arðræningjar sem lesandanum er á einfaldan hátt í nöp við, heldur persónur af holdi og blóði sem söguhöfundur hefur að einhverju leyti samúð með.

Sagan lýsir því til dæmis hvernig Helen hafði strax í upphafi orðið ástfangin af Wilcox-fjölskyldunni allri:

Hún hafði heillast af orku Wilcox-fjölskyldunnar og móttækilegur hugur hennar stýrðist af nýju fegurðarskyni. [...] Henni hafði þótt

⁴⁷ Sama heimild, bls. 168.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 170.

gott að láta undan herra Wilcox og Evie og Charles; henni hafði þótt *gott* að heyra hvernig hugmyndir hennar um lífið væru mótaðar af því hvað hún væri vernduð og að þær væru bundnar við lestur bóka; að Jafnrétti væri þvæla, Kosningaréttur Kvenna þvæla, Sósíalismi þvæla, Listir og bókmenntir þvæla, nema þegar tilgangurinn væri sá að styrkja persónuleikann. (22)

Helen snýr síðan baki við fjölskyldunni fljótlega eftir að það slitnar upp úr trúlofun hennar og Pauls og leggur áherslu á að þau séu innantóm. „Í eitt augnablik þótti mér sem Wilcox-fjölskyldan væri öll aðeins svindl, bara veggur af dagblöðum, bifreiðum og gólfklúbbum, og að ef hann félli myndi ég ekki sjá neitt að baki honum annað en skelfingu og tómleika.“ (24) Mögulega mætti gagnrýna Forster fyrir að líta svo á að vinstrisinnuð hugmyndafræði sé í eðli sínu umhverfissvænni heldur en sú sem kemur frá hægri. En í verkinu tilheyra Schlegel-systurnar listalífínu, menningunni og vinstrisinnadri pólitík á meðan Wilcox-fjölskyldan eða feðgarnir aðhyllast eitruðustu lífssýn kapítalismans. Verkið vinnur því einnig með andstæðurnar hægri/vinsti.

Naomi Klein varar við slíkum klofningsviðhorfum í bók sinni *Þetta breytir öllu. Kapítalismi gegn loftslaginu* þó svo að hreinræktuðustu afneitunarsinnarnir hafi komið úr hópum hægri manna á undanförunum árum.⁴⁹ Það sé vissulega rétt að viðbrögð við loftslagsmálum feli í sér að stjórnmalamenn skipti sér á beinskeyttari hátt af markaðinum, setji fram aukna kröfu um jafnrétti og opinberar íhlutanir í mikilsverðum málefnum. En hin djúpu skilaboð loftslagsváringarinnar, að maðurinn þurfi að fara varlegar í umgengni sinni við lífkerfið sem heldur okkur uppi og byggja það upp í staðinn fyrir að taka frá því, er ögrandi hugsunarháttur fyrir flesta á báðum endum stjórnmalanna. Það sé líka áskorun fyrir stéttarfélögin og þá sem studdu alræðisríki Sovétríkjanna og leppríki þeirra. Það sé staðreynd að þessi ríki gleyptu í sig náttúruauðlindir af jafn miklum ákafa og kapítalísk nágrannaríki þeirra og spúðu úrgangi af jafn miklu gáleysi en fyrir fall Berínarmúrsins höfðu Tékkland og Rússland til dæmis stærra sósíalismi ef miðað við höfðatölu en Kanadabúar og Ástralíubúar. Í raun eru hér á ferðinni tvær karlveldislegar útfærslur á yfirráðapörf mannsins yfir náttúrunni, en Klein getur þess að bæði sósíalismi og kapítalismi deili með sér sterki tilhneigingu til þess að hugsa út frá miðjunni, ríkinu eða fyrirtækinu. Bæði kerfi halda

⁴⁹ Sama heimild, bls. 171.

sér við með látlausri útþenslu, hvort sem þenslan snýr að framleiðslu framleiðslunnar vegna, líkt og sjá má í tilfelli sósíalísmans á Sovét-tímabilinu, eða neyslunnar vegna, líkt og í tilfelli neyslukapítalísmans.⁵⁰

Sjá má viðhorf þess eðlis í *Howards End* að þeir sem séu til vinstri hafi meiri áhuga á listum og menningu og fari betur með náttúruna í þeim skilningi að þeir hafi ekki eins mikil áhrif á hraðann í samfélaginu öfugt við t.d. Wilcox-fjölskylduna. Þau listrænu efnistöð sögunnar að snúa ekki baki við Wilcox-fjölskyldunni heldur sýna hana í samúðarfullu ljósi og leggja áherslu á persónutöfra þeirra, hafa verið gagnrýnd. Þannig sagði D.H. Lawrence í bréfi til Forster árið 1922 að sá síðarnefndi hafi næstum gert: „þau stórhættulegu mistök að hefja upp kaupsýslumennina í *Howards End*.“⁵¹ Fjölskyldan talar ekki fyrir jafnrétti, hún lítur niður á jafnaðarstefnuna og hefur lítinn áhuga á listum og menningu eins og komið hefur fram. Það er svo Henry Wilcox sem eyðileggur líf hins fátæka Leonards Basts. Leonard hættir vegna ráðlegginga Henrys hjá tryggingafélaginu þar sem hann vinnur og endar að lokum uppi atvinnulaus. Af þessum sökum getur Helen ekki umgengist Henry og fer að gráta þegar hún fréttir að Margaret ætli að giftast honum. (179–180)

Henry Wilcox er hlynntur aðgreiningu stéttanna ólíkt systrunum: „Þú verður að forðast þessa manngerð. Annars gengur hún of langt. Það er sorglegt en satt. Þetta er ekki okkar fólk og það er best að setta sig við það.“ (151) Kynjahugmyndir hans eru jafnframt gamaldags þar sem karlar eru stríðsmenn en hlutverk kvenna er að byggja þá upp: „Hún vinnur engar alvöru orrustur. Hún hefur enga vöðva, bara hugrekki.“ (271) Sagan birtir það viðhorf að tími sé kominn til þess að konur fái meiri völd og mögulega að femínísk stjórn byggð á gildum mæðraveldis sé jákvæðari framtíð.

Það kemur einnig fram að Wilcox-fjölskyldan hafi hagnast verulega á gúmmíekrum í Afríku og þótt það sé ekki sagt beinum orðum þá tilheyra karlarnir þeirri evrópsku heimsvaldastefnu sem arðrændi og kúgaði nýlendubjóðir um aldir. Fjölskyldufyrirtækið ber lýsandi heiti: *The Imperial and West African Rubber Company*. (204) Þegar Margaret heimsækir skrifstofu Henrys tekur hún eftir korti sem hangir á veggnum: „Annað kort hékk á hinum veggnum og það sýndi heimsálfuna alla. Hún minnti á hval sem átti að fara að vinna úr spikið.“ (204) David Bradshaw segir í grein sinni „*Howards End*“ að kortið sýni eflaust hvernig Afríku var skipt niður og það

⁵⁰ Sama heimild, bls. 171.

⁵¹ David Bradshaw, „*Howards End*“, bls. 162.

samþykkt í Berlín 1884-1885, á Kongó-ráðstefnunni sem var liður í því að Evrópa tæki lönd Afríku yfir og gerði þau að nýlendum sínum.⁵²

Gúmmí var ein af þeim vörum sem Evrópa sótti til nýlendanna í Afríku. Bradshaw segir að ein undirliggjandi ástæða fyrir grimmdarlegri skiptingunni á heimsálfunni hafi verið stigmagnandi krafa og ásókn í gúmmí. Innan fárra ára hafði gúmmí orðið hrár efniviður nútímavæðingarinnar, með vaxandi útbreiðslu raftækja og bifreiðavæðingarinnar. Á milli 1880 og 1910 varð gúmmí mikilvægasta og eftirsóknarverðasta nýja efnið í heiminum. Eftirsókn eftir því fór stigvaxandi á þeim tíma sem Forster var að skrifa *Howards End* (1908–9) og leiddi til úþpenslu líkri þeirri sem minnti á járnbrautaræðið fyrir 1845. Það leið varla vika árið 1909 án þess að upplýsingar um nýja gúmmíekru birtust í dagblöðunum í London.⁵³

Sagt er frá því í sögunni að eignir Henrys hafi „næstum tvöfaldast“ (137) eftir að konan hans lést og innan tveggja ára frá andlátinu hafi hann næstum verið orðinn auðkýfingur. (139) En afrískt gúmmí var ekki einvörðugu jákvætt fyrir úþpenslu efnahagsins á þessum tíma, það hafði einnig yfir sér ímynd ógnar og grimmdar. Árið 1904 olli skýrsla Rogers Casement, The Casement Report, miklu hneyksli en þar fór hann í saumana á kerfisbundinni villimennsku, þrældómi, limlestingum og pyntingum á frumbyggjum í Kongó vegna gúmmíekrana sem Leopold II konungur Belgíu hafði komist yfir.⁵⁴ Bradshaw telur það mögulegt að samtímalesendur Forsters hafi litið Henry Wilcox neikvæðum augum, jafnvel af jafnmikilli vanþóknun og filabeinssölumanninn Kurt og félaga hans í *Innstu myrkur* (e. *Heart of Darkness*) eftir Joseph Conrad sem kom út árið 1899.⁵⁵ Síðar í sögunni er einmitt sagt frá því að Margaret (og Tibby) hafi gert sér grein fyrir skuggahliðunum á

⁵² Jafnvel samanburðurinn við hvalinn dregur fram rányrkju tengda náttúrunni.

⁵³ David Bradshaw, „Howards End“, bls. 162–164.

⁵⁴ Kongó er fyrrum nýlenda í Mið-Afríku og varð formlega belgískt yfirráðasvæði á Berlínar-fundinum 1885. Ráðstefnan átti að stýra nýlendustefnu Evrópu og viðskiptum í Afríku á tímum nýju heimsvaldastefunnar. Árið 1908 tók belgíska þingið við Kongó af Leopold II. Konungurinn skildi að það var engin leið fyrir hann að halda nýlendunni eftir að kúgun hans á innfæddum varð alþjóðlegt hneykslismál. Hann ákvað þó að hann myndi ekki gefa hana frá sér heldur selja belgísku þjóðinni á háu verði. Og ef Belgía tæki ekki yfir nýlenduna fljótlega þá myndi eitthvert annað valdamikið ríki gera það. Frakkland og Þýskaland litu til dæmis landið hýru auga og gúmmíágóðann sem það skilaði af sér. Sjá til dæmis Adam Hochschild, *King Leopold's Ghost. A Story of Greed, Terror, and Heroism in Colonial Africa*, Boston/New York: A Mariner Book, 1998, loc. 354.

⁵⁵ David Bradshaw, „Howards End“, bls. 164.

Henry: „Þau sáu mann sem hafði dregið til sín peninga frá Grikklandi og Afríku og keypt skóga fyrir nokkrar flöskur af gini.“ (296)

Þegar Leonard Bast er á leið sinni til Howards End þar sem hann mætir dauða sínum keyrir bíll framhá honum og gefið er til kynna að í honum sé Charles Wilcox:

Þarna var önnur manngerð á ferðinni sem Náttúran hygglir – fulltrúi Heimsveldisins. Hraustur, á sífelldri hreyfingu, vonast hann til þess að erfa jörðina. [...] En heimsvaldasinninn er hvorki það sem hann telur sig vera né það sem hann virðist vera. Hann er eyðandi. Hann undirbýr jarðveginn fyrir heimsborgaralífið og þótt metnaði hans verði fullnægt er jörðin sem hann erfir grá. (341)

Charles myrðir Leonard fyrir slysi og það er forvitnilegt að söguhöfundur skuli kalla hann heimsvaldasinna. Slíkir menn telja sig vera hina útvöldu af náttúrunnar hendi, efsta í fæðukeðjunni og þá sem „Náttúran hygglir“, en svo reynast þeir þegar á öllu er á botninn hvolt vera eyðingarafi sem skilur eftir sig sviðna jörð, eins og var raunin í Afríku eftir arðrán Vesturlanda þar. Slíkur félagslegur Darwinismi er um margt brenglun á þróunarkenningu Darwins en að sama skapi í samræmi við ýmiss konar trúarleg viðhorf sem ganga út á að maðurinn sé náttúrunni æðri. Þessi hugsun hefur að sama skapi litað framfaratrú vísindanna.

Sólveig Anna Bóasdóttir ræðir kenningar miðaldasagnfræðingsins Lynn White Jr. í bók sinni *Guð og gróðurbúsaábrif. Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga* en hann telur að umhverfisvá og vistfræðileg vandamál eigi sér trúarlegar rætur. Sú hugmynd að maðurinn sé skapaður í ímynd Guðs hafi breytt ævafornu viðhorfi fólks til náttúrunnar og að kristnir menn hafi kerfisbundið gengið fram í því að eyða náttúrutrú. Tilraun vísindanna til þess að nýta náttúruna og stjórna henni er þannig réttlætt í sköpunarfrásögnum Biblíunnar þar sem maðurinn fær umboð til þess að drottna yfir jörðinni.⁵⁶ Einnig styðst Sólveig Anna við umhverfisguðfræði Elizabethar A. Johnson sem leggur áherslu á þau andnáttúrulegu viðhorf sem hafi verið orðin áberandi frá og með sextánda öld. Framþróun nútímavísinda hafi verið knúin áfram af hugmyndinni um að meginköllun mannsins fælist í því að sýna

⁵⁶ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Eyðilegging og heilagleiki náttúrunnar. Umhverfisguðfræði Elizabeth A. Johnson í samtali við Lynn White Jr. og Charles Darwin“, *Guð og gróðurbúsaábrif. Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2017, bls. 77–95, hér bls. 77–80.

fram á vald sitt yfir náttúrunni og gera hana undirgefna sér.⁵⁷ Johnson vinnur með kenningar Darwins sem hann setur fram í *Uppruna tegundanna* frá 1859 um að allt líf og allar lífverur eigi sér sama uppruna. En kenningar Darwins ganga þvert á hugmyndirnar um manninn sem kórónu sköpunarverksins og æðstu veru heimsins. Ályktunin sem Johnson dregur af þessu er að ekkert líf sé öðru lífi æðra heldur sé það allt samhangandi vefur. Maðurinn deili uppruna sínum með lífríkinu og við séum öll erfðafræðilega skyld í hinum flókna vef lífsins. Mikil hætta stafi því af drottunarhyggju og yfirráðahugmyndum upplýsingarinnar yfir náttúrunni.⁵⁸

Áhyggjur af ofríki og forræðishyggju hvíta evrópska mannsins sem undiroki nýlendubjóðir, konur og lægri stéttir, er þannig víða að finna í verki Forster þar sem lögð er áhersla á hversu viðkvæmt lífríkið sé fyrir ráni á auðlindum jarðar, þegar einvörðungu er tekið en engu skilað til baka. Þegar öll þessi atriði eru skoðuð í heildarsamhengi sögunar má túlka niðurstöðuna með þeim hætti að heimsvaldastefnan sem tilheyrir Wilcox-feðgunum lúti að lokum fyrir kvenlegri stýringu sem eigi að leiða til meira jafnréttis.

Er maðurinn kóróna sköpunarverksins?

Stuttu fyrir brúðkaup sitt og Henrys tekur Margaret eftir því að hann virðist vera búinn að gleyma látinni konu sinni: „Herra Wilcox hafði gleymt konunni sinni [...]. Allir hreyfast áfram. Er það þess virði að reyna að halda í fortíðina þegar hjörtu manna eru á þessu stanslausu iði.“ (142) Minnisleysið varpar ljósi á það hversu hratt Henry lifir. Einnig er verið að minna á að hann lifi ekki eftir heimspeki Ruth sem hlustaði á fortíðina og liðnar kynslóðir. Breytileika er telft fram gegn stöðugleika og eilíf framfarahyggjan gagnrýnd, en í sögunni er hún bundin við karlmenskuna, hvíta enska/evrópska karlinn.

Undir lokin finnst Margaret eiginmaður sinn að einhverju leyti mögulega siðskertur en það tengist líka framkomu hans við konur, virðingarleysi og yfirgangi.⁵⁹ Hún ákveður að standa með systur sinni sem Henry afgreiðir sem geðsjúka en reynist svo vera ólétt eftir giftan mann, hinn fátæka Leonard Bast. „Þær yrðu brjálaðar saman ef veröldin ákvarðaði að það væri hlutskipti

⁵⁷ Sama heimild, bls. 85.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 89–91.

⁵⁹ Malcolm Page segir að Forster hafi sýnt með bókinni að honum væri illa við stétta-skiptingu. Hann hafi að einhverju leyti skilið hvernig konur eru kúgaðar í karlveldislegu samfélagi og innan hjónabandsins. Sjá *Howards End. An Introduction to the Variety of Criticism*, bls. 37.

þeirra.“ (302) Systurnar hittast á Howards End þar sem Margaret hamlar manni sínum og lækni að komast inn í húsið þar sem Helen er langt gengin með barn.⁶⁰ Sagan fer að snúast um kynjastrið, konur gegn því karlveldi sem vill stýra líkómum kvenna. „Ný tilfinning greip hana. Hún stóð með konum í baráttunni gegn körlum. Hún hafði engan áhuga á einhverjum réttindum, en hún mætti dauð liggja áður en karlar kæmu til Howards End.“ (304) Þannig leggur sagan áherslu á mikilvægi jafnréttis, ekki bara fyrir samfélagið heldur einnig sem leið til þess að fara betur með verðmæti okkar. Kúgun á konum og ofríki hvíta karlsins verða hliðstæður fyrir illa meðferð karlveldisins á viðkvæmu lífríkinu.

Undir sögulok eiga systurnar tvær síðan stund í Howards End og Margaret fer að hugleiða hvernig frú Wilcox vaki yfir öllu sem andi eða draugur, sé alls staðar nálægt, sérstaklega í huga þeirra fyrrnefndu. Margaret segir við systur sína: „Fyrir utan frú Wilcox mín kæra, þá skilur enginn allt þetta smáa sem við baukum. [...] Mér líður rétt eins og þú og ég og Henry séum bara brot af huga þessarar konu. Hún skilur allt. Hún er allt. Hún er húsið og tréð sem slútir yfir það. [...] Hún skildi hvernig hlutirnir gengu fyrir sig. Hún vissi hvenær fólk var ástfangið, jafnvel þótt hún væri ekki hjá því í herberginu.“ (330)⁶¹ Margt í sögunni styður þessa túlkun Margaret og þá er frú Wilcox húsið sjálft, hún er náttúran og stendur fyrir verðmæti okkar og auðlindir. Margaret og Ruth tala saman út fyrir gröf og dauða sem minnr á þau orð sögunnar að hlusta á hina látnu og þannig á fortíðina sem varar okkur við um leið og hún teymir okkur áfram. Vilji hennar verður síðan að veruleika undir lokin þegar Henry erfr Margaret að húsinu. Framtíðararfinginn verður svo systursonur hennar, sonur Helenar og Leonards, og þannig er einnig lögð áhersla á það að bæta fyrir misgjörðir, gefa aftur til fátækra, minnka arðrán og kúgun á lægri stéttum.

Margaret er fordómalausasta persóna sögunnar, hún sýnir skilning, ást og væntumþykju, bæði gagnvart Helen en einnig manni sínum Henry: „Kristur vék sér undan spurningunum sem var beint að honum. Þeir sem ná ekki að

⁶⁰ R.N. Parkinson ræðir í grein sinni „The Inheritors; or a Single Ticket for Howards End“ hvernig Howards End býður systrunum í senn upp á skýli, heimili fyrir hús-gögn þeirra og er um leið undirstaðan í því að þær endurskipuleggja líf sitt. Sjá E.M. Forster, *A Human Exploration. Centenary Essays*, ritstjórar G.K. Das og John Beer, 1979, bls. 55–68, hér bls. 59.

⁶¹ Eftir kvöldstundina með Helen þar sem Margaret upplifir kyrrðina og róna í garðinum og húsinu Howards End segir hún: „Hversu óskiljanlegt var það ekki að Leonard Bast skildi hafa komið því til leiðar að hún finndi frið nú í nótt! Var hann líka hluti af vitund frú Wilcox?“ (332)

tengjast flýta sér að kasta fyrsta steininum.“ (328) Undir lok sögunnar er lögð á það áhersla að tala saman eða „aðeins tengjast“ sem stuðlar að því að við hættum að dæma hvert annað.⁶² Aðeins þannig verða raunverulegar framfarir, gagnvart fólki en líka náttúrunni. Þegar Margaret gengur upp að Howards End í annað sinn í sögunni til að athuga með húsgögnin sín lítur hún yfir sveitina og tilfinning sorgar yfir dauðleika okkar verður til þess að hún upplifir sig sem eina heild með lífríkinu öllu og hún hugsar: „Myndaðu tengsl – tengsl sem spretta ekki úr gremju allt þar til allir menn eru bræður.“ (282)⁶³

Hér má sjá náttúru trúna sem birtist í sögunni og rennur saman við lýsingu á húsinu og umhverfi þess. Húsið er framtíð og fortíð og tímaleysi. Húsið er náttúran sjálf, náttúran sem hringrás. Þó er einhver breyting í kortunum, mögulega er Forster að horfa inn í framtíðina með orðum sínum hér eins og vísað var til í upphafi greinar. Með orðum Margaretar:

„Jafnvel þótt eitthvað gangi vel núna þýðir það ekki að svo verði endalaust“, sagði hún. „Þessi sókn í hamagang hófst fyrir ekki meira en hundrað árum. Kannski tekur svo við siðmenning sem er ekki á iði vegna þess að hún hvílir á jörðinni. Núna bendir þó allt til þess að svo verði ekki, en ég má ekki gefa upp vonina, og snemma á morgnana þegar ég er úti í garðinum finnst mér húsið okkar tilheyrja framtíðinni, jafn mikið og fortíðinni.“ (359)

Framtíðarsýn Forsters er óþægilega sannspá þótt vissulega búi í henni ósk um að við sjáum að okkur sem tegund og gerum rétt. Náttúran vekur með Margaret von um að nýja siðmenningin hvíli á jörðinni og að við förum betur með arfinn okkar og verðmætin en við höfum gert undanfarin hundrað ár.

⁶² Margaret er sú sem hjálpar Henry þegar hann missir son sinn og sagan sýnir hversu mikið hann þarf á henni að halda: „Hún gæti enn aðstoðað hann við smíði regnbogabráurinnar sem hefði það hlutverk að tengja orðin okkar ástríðunni. Án þess værum við merkingarlaus brot, hálfgerðir munkar, hálfgerðar skepnur, ótengdir bogar sem mætast aldrei til þess að búa til manneskju.“ (194) Henry sem stýrist ekki af ástríðu og er hræddur við tilfinningar, er þannig ekki heill einstaklingur heldur í brotum. Þegar á reynir er Henry veikari persónuleiki en Margaret þar sem hann skortir næmi og mannúð í samskiptum sínum við aðra. Þó er honum sýndur skilningur og samúð.

⁶³ Margaret þykir mikilvægt að opna sig fyrir ástinni, fara út fyrir einangrunina með því að tengjast öðrum manneskjum og líka lífheildinni sjálfri. Við erum ekki eýlönd og eigum ekki að einangra okkur heldur reyna að sýna samúð og skilning: „Aðeins að tengjast! Það var inntak prédikunar hennar. [...] Að hætta að lifa í brotum. Aðeins að tengjast, og skepnur og munkurinn munu deyja, því þau hafa verið rænd einangruninni sem þau kölluðu líf.“(195)

„Aðeins að tengjast“ spádómurinn snýst þá um sameiningaraflíð í skilningi og umburðarlyndi sem bundið getur saman ólíkar fjölskyldur, ólík gildi og ólíkan hugsunarhátt, þar sem allir mætast á stað sem leiðir til sameiningar mannkyns í baráttunni um að vernda lífið á jörðinni. Henry er rétt eins og Ruth einnig lýst sem guði en hann er grískur guð eða „ólympískur“. (139) Hann er íbúi á fjallinu Ólympus sem lýsir um leið hroka hvíta mannsins, yfiringi og ágengni. Því er lýst nákvæmlega í sögunni hvernig Henry fellur niður af stalli sínum og þá sýnir hann ljóslega veikleika sína og mögulegan dauðleika. Í því tilefni segir sögumaður: „Við vitum lítið um guðina á meðan þeir eru sterkir. Það er aðeins þegar þeim fer að hnigna að bjart ljóst skín inn í himnaríki.“ (146)

Það er aðeins á tímum hnignunar guðanna sem sterkt ljós skín í himnaríki en að sama skapi gefur það von um breytingar á hugsunarhætti þegar allar dyr virðast vera að lokast.⁶⁴

ÚTDRÁTTUR

Howards End eftir breska rithöfundinn E.M. Forster er skáldsaga sem segir frá leitinni að heimili. Saga Forsters talar jafnvel enn frekar til lesenda tuttugustu og fyrstu aldarinnar, á tímum loftslagsbreytinga, en hún gerði fyrir rúmum hundrað árum. Í sögunni dregur höfundurinn fram andstað sjónarmið þeirra sem sýna lögmáli náttúrunnar virðingu og svo hinna sem eru fulltrúar vélvæðingar, tæknibyltingar og heimsvaldastefnu. Sagan leggur mikla áherslu á mikilvægi heimilisins, að það sé himneskur staður sem þú nálgast af virðingu og væntumþykju og kunnir að meta. Slíkur draumastaður er húsið *Howards End*, og vegna tengslanna við náttúruna og móðurina í verkinu verður staðurinn að táknmynd fyrir heimili mannkynsins, jörðina sjálfa, auðlindir okkar og það sem við skilum til barna okkar. *Howards End*, sem sagan dregur nafn sitt af, virðist búa við sitt eigið lífkerfi og hringrás, rétt eins og grunnöfl náttúrunnar. Í verki Forsters er lögð áhersla á það mikilvæga hlutverk að vernda verðmæti og skila þeim ósködduðum til næstu kynslóðar, hvort sem það er fortíðin, menningin eða náttúran.

Lykilorð: E.M. Forster, *Howards End*, vistrýni, gyðjutrú, loftslagsbreytingar, mæðraveldi.

⁶⁴ Höfundur þakkar ritstjórum *Ritsins* og nafnlausum ritrýnendum fyrir gagnlegar athugasemdir þeirra.

ABSTRACT

„She is the house, and the tree that leans over it.“

Howards End, the Goddess, masculinity and ecological collapse

One of the central themes in E.M Forster's *Howards End* is the search for a home. Forster's story speaks even more to modern readers living in the twenty-first century who are confronted with the climate change crisis, than it did more than a century ago. In the story the author brings together two contrasting views of those who show respect for the laws of nature and the others who represent mechanization, technological progress and imperialism. The story emphasizes the importance of the home as a sacred site which should be shown respect, care and appreciation. The House Howards End is such an Elysian residence and because of its connection with nature and the central mother figure in the novel, who is associated with the earth, the site becomes a symbol for the home of mankind, our resources and for what we leave behind. Howards End, which is also the story's title, seems to have its own organism and circulation and signifies some elemental natural power. Forster's work emphasizes how important it is to protect our resources and return them unscathed to the next generation, whether those values are our past, the culture or our nature.

Keywords: E.M Forster, *Howards End*, ecocriticism, Goddess worship, climate change, matriarchy.

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

dósent í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið

ÍS-102, Reykjavík, Ísland

alda@hi.is

